

# Heimskringla.

1. ár

Winnipeg, Man. 23. September, 1886.

Nr. 3.

## ALMENNAR FRJETTIR.

### Fra Utlandum.

**ENGLAND.** Um undanfandi nokkra daga hefur svo að segja ein-göngu verið rætt um landlaga frum-varpið, sem Parnell lagði fyrir þing Breta í vikunni, sem leið. Frumvarp þetta þykir bláa óanngjarn og eru því litlar líkur til að það nokkurn-tíma öðlist lagagildi. Jafnvel Gladstone sjálfur, sem allt vill vinna fyrir frá, er óvís fylgismaður þess, og má þá nærri geta hvernig þeir álíta það, sem algerlega eru mótfallnir allri stjórnmálum. Hjú áslæga innihald frumvarpsins er að leigulistar á Írlandi sje með lögum verndaðir frá málsöknum, þó þeir skuldi landsdrottunum svo og svo mikils og það um fleiri en eitt ár. Síðan það var fyrst tekið til umræðu hefur Parnell breytt því hvað ofan í annað, en engar þær breytingar hafa bætt það í nokkru nje fært það nær því takmarki, sem því er ætlað að ná.

Gladstone er nýkominn til London eftir all-langa hvíld frá opin-berum störfum, og ætla nú fyrst að fara að gegna þingstörfum fyrir alvöru. Hjú fyrsta verk hans verður að heimta upphald á burtrekstri leigulista á Írlandi frá heimilum sínum. Hefur hann ritað John Morley—vini sínum, á Írlandi og óskað að leigulistar greiddu tvo þriðjuhluti skuldanna, og þannig hjálpuðu honum til að fá upphald á burtrekstrinum.

**RAFURMAGNSSKIP** var reynt til hlitar og reyndist vel, á Englandi, í vikunni, sem leið. Skip þetta var smíðað í Millwall á Englandi og var ópinberlega reynt í migri fyrri viku. Fyrir skipið af stað frá Dover á Englandi kl. rúmlega 10.30 að morgni og kom til Calais á Frakklandi kl. 2.30 e.m. Eftir nokkra dýð þar lagði það af stað vestur yfir sundið aptur og kom til Dover kl. 6 um kvöldið. Ferðin gekk vel alla leið, rafurmagneisjarnar gengu vel og öldungis skróttlaust, og fannst farþegjum mikils um að sjá báttinn knýjast áfram jafn hart, án segla, reykjar og gufu. Á báttinum voru bæði rafmagneisfréningar og áðir vís-indamenn, er áður voru notaðir um að rafmagn mætti verða til að knýja áfram skip, en sem nú hafa sjeð og trað. Móndullinn í rafmagneisjel-ini sérstaklega á jafnaði 640 snúninga á hverri mínútu—Rafmagnskip þetta heitir *Valla*, er 37 feta langt og smíðað úr stáli að miklu leiti.

Það voru kaldar kvæður sem Londonderry lávarbur fjekk, í Dublin á Írlandi á laugardaginn var, þegar hann kom þangað í fyrsta skipti sem landsstjóri. Þó strætín væru þakin af fólki, alla leið frá brýggjunni til kastalans, þá heyrðist naumast gleði-óp, nema frá þeim, sem á einn eða annan hátt voru bendlaðir við stjórnmál.

**BÚLGARÍA.** Þar hefur ekkert stórkostlegt gerzt í síðustu viku. Þinginu hefur verið stefnt saman en það hefur lítill gert annað, en tala um vandæði sín. Hefur þar komið í ljós að þessi búlgara hata Rússa og vill gjarnan gera þeim mein, ef mátturinn væri til. Einkanlega er þeim illa við Rússana nú sem stendur fyrir það, að hann hafi dregið á að loka búlgurum sjálfum að kjósa sje-jarl utan ríkisstjóra, en nú fæst það ekki. Segja Rússar að búlgarar hafi engan rjett til og geti ekki heimtað að kjósa sinn eigin landsstjóra. Svo fer og Rússakeisar hægri á að eigna loforð sín viðvikandi því að

sameina búlgaríu og Rúmeíu og þá einnig sviður búlgurum. Sá flokkurinn á þinginu, sem andstaður er Rússum (og það er meiri hlutinn) heimtar að mönnum þeim, sem í fyrstu byrjuðu óeirðirnar með því að nema prinzzinn á burt, sje hegn rökilega. En það er lítil von að því verði fram-gengt vegna þeirrar ástæðu, að þeir menn eru óskabörn Rússakeisara, og hann hefur þess vegna sent búlgurum þá ásvörum, að ef þeir hegni þessum mönnum, skuli þeir sjálfir ábyrgjast afleiðingarnar.

**TYRKLAND.** Tyrkir halda áfram herbúnaði í öða önn og ræsa her-mönnum á landamæri sín að norð-vestan verða. Kvæðast þeir þá hafa fengið sameiginlegt bréfið frá Eng-landinum, Djöðverjum og Austur-riksmönnum þess efnis, að þeir skuli vera viðbúnaðir að taka við stjór-ninni í Rúmeíu ef Rússar hremsi búlgaríu. Svo eru og Tyrkir hug-rakkir nú, síðan þeir sættust við Englandsinga og söldu þeim til um-ræða ýmsar smá eyjar úti fyrir Hellu-sunds mynninu. Á eyjum þessum setla Englandsingar að, nema kola-forða o. s. fr. fyrir skip sín.

**DÝSKALAND.** Ríkisþing Djöð-verja var sett á fundlaginn var. Í ávarpinu til þingsins minnstist Vilhjálmur gamli ekki á annað en Spánar samninginn, sem lokið var í vor er leið. Ávarpið gekk út á að skýra fyrir mönnum til hvers á samningur eiginlega væri.

Í Berlín er nýlókist almennum fundi, sem gekk út á að hvetja Djöð-verja til að mynda og úthreinsa þýskar nýlendur í Afríku, koma á fót gufu-skipalínu þangað, og koma þar upp bönkum.

**SPÁNN.** Yfir 300 hermenn tókust á hendur að gera uppláup í Madrid á föstudagskvöldið var. Gengu vopnaðir um götur hájarins hóspíðs „leugi lífi lýðveldis“, og gerðu all-snarpt áhlaup á hergagnabúrinn, sem þeim sátt ekki tókst að ná á sitt vald. Eftir allhæða víðsægu á götunum voru þeir neyddir til að flyja úr borginni. Nokkrir menn fjella af hvorutveggjum, og einn hershöfingja skutu upphlaupsmenn-irni í byrjun af því hann neitaði að fylgja þeim til víga.

**JAPAN.** Kóléra hefur geysað um Japan í sumar og orðið mörgum á bana. Er svo talið að frá því vart varð við veikina í júnímánuði til loka júlímána. Hafi um eða yfir 60,000 manna dáið frá þessari banvænu Aust-urllanda pest.

### Fra Ameríku.

#### Bandaríkin.

Þá hefur nú Cleveland forseti lokið mánaðarsetu sinni í Adiron-dack-fjöllunum, er nú kominn heim aptur og tekinn til starfa. Er nú mælt að hann fyrir alvöru ætli að byrja á burtrekstri manna úr em-bættum, svo að hans eigin fylg-jendur fái eitthvað meira en „reyk-in af rjettunum“, á meðan hann situr að völdum.—Daniel Manning, fjármálaráðgjafi, sem heilsuleysis vegna sagði af sje ráðsmennskunni í vor, er leið, hefur enn ekki svar-að Cleveland upp á hans margtrek-ðu spurningar, hvort hann ætli að koma og taka við stjórnmálum.

Ríkisstjóra kosningar eru af-staðnar í tveimur ríkjum, Maine og Vermont. Í báðum þessum ríkjum varð repúblikflokkurinn yfirstærari. Í Vermont voru þeir sökijendur um embættið, sinn fyrir hvorn flokk og hin þriðji fyrir bindindisflokkinn. Atkvæði fjella þannig: Ormsbee

fyrir repúblikflokkinn fjekk 37,681 atkv.; Shurtleff fyrir demókrata, 17,091, og Seely fyrir bindindisfje-lögin fjekk 1,832 atkv. Í Maine var J. R. Bodwell kosinn ríkisstjóri, hafið fengið 10—12 atkv. fleira enn andstaðingur hans, er barðist undir merkjum demókrata. Meginhluti þingmanna á ríkisþinginu eru re-públikanar. Eftir því sem næst ver-ur komið verða í fulltrádeild þingsins 120 rep. og 29 demók., og í ráðherradeildinni 25 rep. og 6 demókrata.

Nýlega var fullgert eitt hinna ýmsu herskipa, sem Bandaríkja-stjórni er nú að láta smíða og fer það af stað í þessari viku frá New York til viku útivistar suður með landi, og fram til Vest-Indíayjanna. Í þeirri ferð á að reyna hversu vel það dugur í stórsjó; fyrr en þess-ari ferð er lokið, tekur ekki stjórni-nið við frá smíðunum.

Tollheimtudeild stjórnmanna í Washington hefur úrskurðað, að til fjölfjöld landinu, sem kaupa fána, sjeztakan böðing og merki fyrir fjölfjöld í öðrum ríkjum, geta ekki fengið þá muni tollfría inn í rík-ið, heldur verði þau að gjalda toll af þeim sem nemi 35 af hundrði. Undan þessu eru þegin kirkjufje-lög, bókmennafjöld og vísinda-fjölfjöld.

Loksins hefur hermönnum frá Bandaríkjunum tekið að höndla mein-vætt sauðasturturkinn—Geronimo hershöfingja Apache-Indíana. Þessi Indíani hefur verið jafningi Sitting Bull, ef ekki verri. Það er geysi-mikill hópur af mönnum, konum og börnum, sem þessi hófi hefur myrt, auk þess, sem hann hefur hvað of-án á annað rétt heil byggeðarlag. Og það eru fleiri hundrúð her-manna, sem fallis hafa í víðsægu eltingaleik, sem haldist hefur við nú í meira en tvö ár. En nú er hann höndlaður um störf og ölk-leigt að honum verði sleppt áptur, eins og hon var í fyrsta þegar hann náðist í fyrsta skipti. Nú sem stendur, er verið að flytja hann ásamt heilum hópi af öðrum hans undir ströngum hvernir, vestan frá Arizona austur á Flórídashaga. Þar á að geyma hann til þess máls er útljós gegn honum. Þykir líkast að hann verði dæmdur fyrir frjettir, og þá þarf ekki að búast við að honum verði gefið líf.

Það er mælt að málaferslu-menn sósíalistanna í Chicago hafi fundis sannanir viðvikandi upp-hlaupinu í vor, sem hljóti að breyta málalýktum algerlega, og önyta dóminn, sem upp var kveðin í sum-ari. Segja málaferslumenirnir, að þessu þeir hafi þessar sannanir í höndunum í júlí; og ágústmán. Þá hefið enginn af sósíalistunum verið dæmdur til aftöku.—Einn af for-ingjum sósíalistanna á Þýskalandi er nú að ferðast um Bandaríkin í þeim tilgangi, að þrjeda sósí-alistakenninguna fyrir alþýðu.

Jardhringurinn er farinn að gera varf. við sig aptur í Charles-ton og þar í grendinni. Vars-vart við tvo snögga kippi í borginni á sunnudaginn var, og þrjá í einu þorpinu á útjörum borgarinnar sama daginn. Við þessa kippi varð fólkið óttaslegið á ný, og liggur næst að hætta verði við að byggja upp áptur hin hrundu hús. Gjafir koma þangað daglega úr tilum átt-um, en þar gera eigi betur en að hrökva til að fæða fjöldann, sem

er alllaus og húsaviltur. Um síð-ustu helgi voru þessar gjafir orðnar rúmlega \$100,000.

### Canada.

Breyting á fiskilögum í Manitoba og Norðvesturlöndunum, sem getið var um í síðasta blaði, var aug-lýst í stjórnmálafundinum á laugard. var. Breytingin er þannig: Hvít-fisk má eigi veiða í Manitoba eða Norðvesturl. á tímabilinu frá 5. október til 10. nóvember ár hvert (báðir dagar, sje. sem hjer eru nefndir teljast með); Pickrel má eigi veiða á tímabilinu frá 15. apríl til 15. maí; silung eigi, frá 1. október til 1. janúar; og Styrju eigi, frá 1. maí til 1. júní.

Það er mælt að póstaðjórni í Ottawa sje nú að breyta póstaðgöngum í suðvestur Manitobu þannig, að póstaður verði framvegis fluttur með jarnbrautunum, sem löngu eru fullgertar, en eigi á hestavögunum, eins og að undanförm. Það er sann-arleg þörf á þeim breytingum.

Stjórni er um það bil að koma á fót einni stjórnaðeldi í Ottawa, sem sje verkmanastjórnaðeld. Það er og mælt að yfir þá deild verði settur einn af *Knights of Labor*-mönnum; þykir því fjel. í Canada mikils til þess koma og þykir þar með auðvelt að stjórni sje eigi and-stæðingur fjelagsins, eins og margir hafa þó ætlað. Í sambandi við þessa verkmanastjórnaðeld verður nefnd mamma til að dæma í þrætumálum milli verk-gefenda og verkamanna, og með því reyna að koma í veg fyrir vinnu-stöðvanir, þó eitthvað beri á milli.

Sem stendur er stjórni að semja við Bandaríkstjórni um að fá lausa látna Canadíska selveða duggu, sem tekin var föst af herskipi Bandaríkja í suðvestanverðu Behring-sundi í ágústmán. í sumar. Er búið við að út af þessu risi yfirgripsmikill og óþjálta þrætumál á milli Englands og Bandaríkja, og eigi ólíklegt að Rússar einnig dragist inn í það.

Selaveða skip þetta var tekið fast út á rúmsjó, um 60 mílur undan hinum vestasta skaga á Alaska, og þar af leiðandi á alþjóðar fiskstöðum, sem engin ein þjóð getur með nokkr-um rjetti talis sína eign. En ástægan, sem Bandaríkstjórni hefur til að fara svona frekjulega í þetta mál er, að þegar hún keypti Alaska að Rússum, þá virðast þeir hafa selt hafið jafnframt og landið. Hvað langt vestur eftir þeir hafa pótt eiga hafið veit engin nje heldur hvernig þeir fengu þann eignarrjett. Hve óanngjörn Bandaríkstjórni er í þessu sjezt af því, að Canadastjórni ekki einungis lætur Bandaríkja skip hlutlaus úti fyrir ströndum British Colombíu, heldur leyfir Bandaríkja fiskimönnum að veiða fisk í ríkinu vestanverðu, það er að segja, í sundinu og á fjörðunum milli Vancouver eyjarinnar og megin landsins hvar sem er.

Það stendur til að verða allsörp-urusta milli Kyrrahafsbrautarfjelagsins og Allan-línufjelagsins. Hver-íveggja fjelagið vill ná í norðurlöf-póstflutningina milli Englands og Canada, og bjóða nú hvert í kapp við annað. Kyrrahafsfjelið hefur nú þegar gert samninga við menn á Englandi að fá fullgæra hús fyrsta stór og hraðskreygð skip, sem eiga í engu að verða eptirlátar þeirra beztu skipa, er ganga milli Englands og Ameríku. Þetta spor verður

náttúrlega til þess, að Allan fjelagið má til að fá hraðskreyfari skip undir-eins, þar þess skip eru flest mikils gangmáni en hin beztu skip Canad-línunnar, sem nú eru hin gangmestu á Atlantshafi. Kyrrahafsfjelið er og nærri því nauðbeygt til að sjea þetta af því það nú þegar hefur fengið loforð fyrir meginhluta póst-flutningsins frá Englandi til Austur-lands, Indlands, Kína, Japan, og Eyjafunnar, og þarf hvert sem ef að koma upp skipalínu á Kyrrahafinu.

Fylkisþingkosningar er ákveðið að fara fram í Quebec-fylkinu hin 14. næstkomandi mánaðar. Fylkis þingis var uppleyst hinn 10 p. m.

10,500 fransk-canadískir menn úr Massachusetts-ríkinu eru um það bil að flytja inn í Quebec-fylkið í einum hópi. Eru þeir búnað að nema land í Ottawa-árdalnum, og eru nú að koma upp húsum.

Hin árlega íðnaðar sýning í Toronto er nýfastagín, eptir að hafa staðis yfir í 20 daga. 200 þúsundir manna keyptu ágang að henni.

Það er mælt að fiskiveiðarnar á Labrador hafi brugðist gersam-ega í sumar, og að 30,000 Nýfundan-landsbúar, sem þangað fara á hverju sumri til fiskiveiða, sje alllausir og á vonarvöl fyrir bragðið.

### FRJETTIR FRÁ ÍSLANDI.

Á síðustu frjettum, sem komið hafa af alþingi, er það auðvelt, að stjórna-skráfrumvarp þess, sem þingið samþykkti í fyrsta, verður nú áptur samþykkt öðreytt af þinginu. En þar á móti hefur stjórnið lýst því greinilega yfir, að það sje ekki til neins fyrir þingið að koma sjezt á milli á þessum breytingar á stjórna-skránni, því konungur skafi ekki undir þær, og þær geti ekki orðið að lögum.

(Eftir þjóðlífi 10. ág.)

Eins og auðvelt er, leiðir það af stjórna-skrárbreytingunni, að ýmsa ný lög verður að semja. Þetta hófu þingmenn hugfast, þegar í þingbyrjun og skiptu utan þings með sje og undirbúa frumvörp til þjóðlíka laga. Af frum-vörpum þessum hafa komið fyrir þingið: Frumvarp til laga um kosningar til alþingis. Þessi lög eru alveg nauðsynleg, því að 21. gr. stjórna-skráfrumvarpsins mæli svo fyrir að kjósa skuli þingmenn til efri deildar um land allt—epta ákvæðum þeim, sem sett verða í kosningarlögum. Frum-varpið skiptist í 3 kafla. 1. almennar ákvæðanir. 2. kosningar til efri deildar. Til þeirra kosninga skal allt landið vera eitt kjördæmi, og allir (12) þingmenn-irnar kosnir með hlutfalls-kosningum. Því miður er ekki rúm til að skýra frá þessari kosningaráðferð til hlitar í þetta sinn. 3. kafl er um kosningu til neðri deildar. Þar er ákveðið, að landinu skuli skipt í 24 kjördæmi, er hvert um sig kys einn þingmann.

Frumvarp til laga um afnáám embætti. Landsh, land-rítur, landfógeta og amtmanna embættn skulu lögs nýsur, jafnskjótt sem hin endurskoðaða stjórna-skrá er ákomin í gildi; svo skulu og verðleg störf biskups, ins greind frá embætti hans.—Hin nýja landsstjórni skal til bráðabirgða annast um að störfum þeim verði borgir, er nú liggja undir embætti þess. Hin nýja landsstjórni skal leggja fyrir hús fyrsta reglulega alþing, sem kemur saman eftir að hin nýja stjórna-skipunarlög hafa öðlgt gildi, frv. til laga um skipun framkvæmdar og umboðvaldsins.

(Framhald á fjórðu blaðið.)